

STJÓRN STRÆTÓ BS.

238. fundur. Föstudaginn 26. febrúar 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 14:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson Gunnar Valur Gíslason og Theódóra S. Þorsteinsdóttir. Einar Birkir og Theódóra fóru af fundi eftir afgreiðslu ársreiknings. Gunnar Valur fór af fundi eftir kynningu á mati starfshóps á tillögum um rekstrarhagræðingu í leiðakerfi Strætó. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Ársreikningur Strætó bs. 2015
2. Siðareglur starfsfólks Strætó
3. Breytingar á leiðakerfi
4. Framkvæmd virðisaukaskatts í rekstri á verkstæði Strætó

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur Strætó bs. 2015
Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2015. Árni Claessen, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu KPMG, dags. í febrúar 2016.
Ólafur Kristinsson, formaður endurskoðunarnefndar Strætó bs. og Inga Björg Hjaltadóttir, nefndarmaður, kynntu störf endurskoðunarnefndar vegna ársreiknings 2015. Stjórn samþykkir ársreikning Strætó bs. 2015. Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Jafnframt staðfesti endurskoðandi ársreikninginn fyrir sitt leyti með undirritun sinni.
2. Siðareglur starfsfólks Strætó
Á fundi stjórnar 12. febrúar sl. var farið yfir drög að siðareglum fyrir starfsfólk Strætó. Ákveðið var að leita álits sviðsstjóra fyrirtækisins á fyrirliggjandi drögum áður en stjórn afgreiddi reglurnar.
Fyrir fundinum lágu endurbætt drög að siðareglum starfsfólks Strætó, með breytingum sem fram komu við yfirferð sviðsstjóra fyrirtækisins.
Með vísan til gr. 5.4.1 í eigendastefnu Strætó bs. samþykkir stjórn fyrirliggjandi drög sem siðareglur starfsfólks fyrirtækisins.
3. Breytingar á leiðakerfi
Í janúar 2016 var skipaður starfshópur til að meta fyrirliggjandi tillögur um rekstrarhagræðingu og nýtingu fjármagns við skipulag leiðakerfis Strætó. Hópin skipuðu eftirfarandi aðilar; frá Strætó Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnastjóri og Ragnheiður Einarisdóttir, samgönguverkfræðingur; frá SSH Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri; einnig átti sæti í hópnum Þorsteinn R. Hermannsson frá verkfræðistofunni Mannvit.
Fyrir fundinum lá drög að skýrsla starfshópsins til stjórnar Strætó um mat á tillögum um rekstrarhagræðingu í leiðakerfi Strætó. Starfshópurinn mætti til fundarins og kynnti helstu niðurstöður sínar.
Samþykkt var að boða til sérstaks fundar stjórnar þann 29. febrúar nk. um niðurstöður starfshópsins og næstu skref í endurskoðun á leiðakerfi Strætó.
4. Framkvæmd virðisaukaskatts í rekstri á verkstæði Strætó
Framhald umræðu frá síðasta fundi um framkvæmd virðisaukaskatts í rekstri á verkstæði Strætó, sbr. reglugerð nr. 562/1989 um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana. Við nánari skoðun kom í ljós að mötuneyti Strætó á Hesthálsi fellur undir sömu reglugerð.
Fyrir fundinum lá minnisblað sviðsstjóra fjármálasviðs, dags. 19.02.2016, þar sem kynntur er áætlaður kostnaðarauki á árinu 2016 uppá 15,5 milljónir króna við álagningu virðisaukaskatt á vinnu verkstæðis og mötuneytis Strætó. Í fjárhagsáætlun 2016 er ekki gert ráð fyrir þessum kostnaði.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:15

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur Strætó bs. 2015.
- Kynning ársreikningur 2015, dags. 26.02.2016
- Endurskoðunarskýrsla 2015.
- Bréf endurskoðunarnefndar, dags. 25.02.2016.
- Minnisblað sviðsstjóra fjármálasviðs, kostnaðaráætlun vegna virðisaukaskatts, dags. 19.02.2016.
- Siðareglur starfsfólks Strætó bs. samþykktar 26.02.2016.

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Einar Birkir Einarsson